

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/797

2021/EES/7/12

frá 17. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 41. gr. og a-lið 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um ráðstafanir til að koma reglunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, í framkvæmd, þ.m.t. reglur um heilbrigði dýra og manna sem varða innflutning eða umflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru fluttar inn í Sambandið eða umfluttar um það, í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða.
- 2) Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur sem varða heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum sem á að inna af hendi í þeim tilgangi að heimila endurinnflutning sendinga af afurðum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽⁴⁾ fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir tilskipun 97/78/EB frá og með 14. desember 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 194, 18.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjttð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjttð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjttð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

- 3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 ⁽⁵⁾ eru settar reglur um framkvæmd sértæks opinbers eftirlits með sendingum af dýrum og vörum, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, þ.m.t. aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir.
- 4) Í samræmi við 41. og 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ætti að fastsetja kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna vegna komu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, inn í Sambandið.
- 5) Þar eð kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna, sem eiga við um endurkomu sendinga af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem synjað hefur verið um komu, eru ekki fyrir hendi falla þessar sendingar undir almennar innflutningsreglur, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, og vörusértækar kröfur varðandi innflutning, sem settar eru fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem gætu komið í veg fyrir að tiltekna sendingar, sem eru upprunnar í ESB, fari aftur til Sambandsins eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, t.d. vegna þess að vörusértækt viðskiptaskjal eða heilbrigðisvottorð, sem krafist er vegna komu, er ekki fyrir hendi.
- 6) Þó er sú áhætta sem heilbrigði dýra og manna stafar af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu, öðruvísi en sú áhætta sem stafar af þessum vörum sem eru upprunnar í þriðju löndum. Þess vegna þarf viðskiptaskjal, heilbrigðisvottorð eða, eftir því sem við á, yfirlýsing, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er sem stendur mælt fyrir um skv. d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ekki að fylgja með sendingu af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, eins og krafist er varðandi sendingar sem eru upprunnar í þriðju löndum.
- 7) Fyrirnefnd sending ætti að fá heimild til komu inn í Sambandið og til sendingar til hvaða fyrirtækis eða stöðvar sem er sem er samþykkt í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 fyrir þann flokk og tegund aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða að því tilskildu að lögbært yfirvald á viðtökustaðnum í Sambandinu hafi samþykkt að taka við sendingunni.
- 8) Tiltekna sendingar af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ætlaðar til útflutnings til þriðja lands, kunna að falla undir eftirlit annars lögbærs yfirvalds í Sambandinu en þess lögbæra yfirvalds sem ber ábyrgð á aukaafurðunum úr dýrum eða afleiddum afurðunum. Ef skipt hefur verið um upprunalegt innsigli við þetta eftirlit ætti að tilgreina númerið á nýja innsigliinu í meðfylgjandi skjölum.
- 9) Til að tryggja videigandi áhættustjórnun m.t.t. heilbrigðis dýra og manna og réttarvissu er því nauðsynlegt að kveða á um skilyrði fyrir því þegar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu, fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning.
- 10) Til að tryggja rekjanleika sendinga af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem koma aftur ætti að vakta flutning þeirra frá landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð í Sambandinu, til fyrirtækisins sem er ákvörðunarstaður þeirra í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 ⁽⁶⁾.
- 11) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 12) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2019/2074 gildir frá og með 14. desember 2019 ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2074 frá 23. september 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um sértækt opinbert eftirlit með sendingum af tilteknum dýrum og vörum sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning (Stjttíð. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 6).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjttíð. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 3. mgr. 25. gr. er eftirfarandi lið bætt við:
„c) sértæku kröfunum um aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, sem settar eru fram í VI. kafla í þeim viðauka.“
- 2) Í 26. gr. er eftirfarandi lið bætt við:
„e) efni sem eru upprunnin í aðildarríki og fara aftur til sama aðildarríkis eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning skulu uppfylla sértæku kröfurnar sem settar eru fram í VI. kafla XIV. viðauka.“
- 3) Í 31. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:
„Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skulu aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, uppfylla sértæku kröfurnar sem settar eru fram í VI. kafla XIV. viðauka.“
- 4) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er eftirfarandi VI. kafla bætt við:

„VI. KAFLI

KRÖFUR VEGNA KOMU SENDINGA AF AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM SEM ERU UPPRUNNAR Í SAMBANDINU OG FARA ÞANGAÐ AFTUR EFTIR AÐ ÞRIÐJA LAND HEFUR SYNJAÐ UM INNFLUTNING

1. þáttur

Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yferráðasvæðið eða hluti þess, sem er ekki tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yferráðasvæðið eða hluti þess, sem er ekki tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning á þessari tegund afurðar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) sendingunni fylgir opinbert vottorð eða skjal, annaðhvort frumrit eða staðfest afrit eða rafrænt jafngildi slíks vottorðs eða skjal, sem er búið til með því að nota upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ⁽¹⁾, sem lögbært yfirvald í útflutningsaðildarríkinu gefur út,
 - b) sendingunni fylgir yfirlýsing frá lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu þar sem yfirvaldið samþykkir að taka við sendingunni og tilgreinir viðtökustaðinn,
 - c) sendingin uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:
 - i. ef getið var um það í upprunalega vottorðinu, sem um getur í a-lið 1. liðar, eða í öðru opinberu skjali, sem yfirvald í Sambandinu gaf út, að innsigli hafi verið sett á fyrir brottför frá Sambandinu er hún ennþá innsigluð með ósködduðu upprunalegu innsigli,
 - ii. henni fylgir opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds í þriðja landinu sem synjaði um komu sendingarinnar þar sem ástæðurnar fyrir synjuninni eru tilgreindar.
2. Þrátt fyrir a-lið 1. liðar, ef sendingin var flutt út án meðfylgjandi opinbers vottorðs eða skjals, skal staðfesta uppruna sendingarinnar á annan hátt á grundvelli skriflegra sönnunargagna sem rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggur fram.
3. Flutningur sendinga af afurðum, sem um getur í 1. lið, frá landamæraeftirlitsstöðinni til viðtökustaðarins skal vaktaður í samræmi við 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666.

2. þáttur

Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yferráðasvæðið eða hluti þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru ekki í umbúðum eða eru í lausri vigt, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land, annaðhvort allt yferráðasvæðið eða hluti þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka hefur synjað um innflutning á þessari tegund afurða ef kröfurnar, sem settar eru fram í a- og b-lið og ii. lið c-liðar 1. liðar, 2. lið og 3. lið 1. þáttar, eru uppfylltar.
2. Ef afurðirnar, sem um getur í 1. lið, hafa verið affermdar, geymdar eða endurfermdar eða ef upprunalega innsigliinu hefur verið skipt út í eða við komu til þriðja landsins eða hluta af yferráðasvæði þess, sem er tilgreint í XIV. viðauka, skal opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds viðkomandi þriðja lands eða yferráðasvæðis fylgja sendingunni:
 - a) þar sem staður og dagsetning affermingar, geymslu og endurfermingar eru tilgreind svo og númer innsiglis sem er sett á gáminn eftir endurfermingu,

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

- b) þar sem staðfest er að:
- i. innsiglið á ökutækinu eða gámnum með sendingunni var einungis rofið vegna opinbers eftirlits,
 - ii. afurðirnar voru einungis meðhöndlaðar eftir því sem þurfa þykir og einkum
 - við viðeigandi hitastig sem krafist er fyrir viðkomandi tegundir aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða og
 - á þann hátt að komið sé í veg fyrir víxlmengun afurðanna meðan eftirlitið stendur yfir,
 - iii. ökutækið eða gámurinn var endurinnsiglaður um leið og opinberu eftirliti lauk
- c) þar sem ástæðurnar fyrir affermingu og geymslu eru tilgreindar.

3. þáttur

Innpakkaðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal einungis heimila komu sendinga inn í Sambandið af innpökkuðum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, ef kröfurnar, sem settar eru fram í 1. þætti, eru uppfylltar og aðskildar pakkingar með afurðum eru óskaddaðar miðað við ástand þeirra fyrir útflutning.
2. Ef afurðirnar, sem um getur í 1. lið, voru affermdar í þriðja landi fylgir sendingunni opinber yfirlýsing lögbærs yfirvalds eða annars opinbers yfirvalds í þriðja landinu þar sem staðfest er að afurðirnar:
 - a) hafi ekki verið meðhöndlaðar á annan hátt en með affermingu, geymslu og endurfermingu,
 - b) voru meðhöndlaðar við það hitastig sem krafist er fyrir viðkomandi tegundir aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða.“